



Hafnarfjörður

6. fundur með menntaleiðtogum haldinn í matsal Víðistaðaskóla kl. 15.00, þriðjudaginn 15. febrúar 2022. Fundinn sátu menntaleiðtogar leik- og grunnskóla ásamt fulltrúum stýrihóps um menntastefnu Hafnarfjarðar. Arnar Páll frá Arcur leiddi vinnu við stefnumótun.

Fundinn sátu: Kristín María, Ragnheiður E. Ásmundsdóttir, Harpa Kolbeinsdóttir, Halla Birgisdóttir, Eygló Sif, Sólveig Reynisdóttir, Karen Víðisdóttir, Ásrún Steindórsdóttir, Katrín Traustadóttir, Valgerður Björnsdóttir, Sigrún Sverrisdóttir, Svandís A. Leósdóttir, Berglind Mjöll Jónsdóttir, Magnea Jónsdóttir, Tinna Ósk Þorvaldsdóttir, Erla B. Rúnarsdóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Þórunn Þórarinsdóttir, Krístrún Sigurjónsdóttir, Vigfús Hallgrímsson, Arnbjörn Ólafsson og Hrund Apríl sem ritaði fundargerð.

Kristín María opnaði fundinn og kynnti þá vinnu sem hefur farið fram á undanförunum mánuðum, þar á meðal niðurstöður kannanna sem sendar voru nemendum og kennurum skóla í leik- og grunnskólum, könnun verður send til foreldra á næstu dögum. Niðurstöður sem komu fram í könnunum sem sendar voru út voru greindar í þemu og einnig dregnar út setningar úr opnum svörum sem endurspegluðu sem kom þar fram á heildina litið.

Þeir þættir sem starfsfólk skóla og nemendur sem tóku þátt í könnuninni og mátu mikilvæga voru:

- Félagssfærni
- Samskipti
- Heilsuefling
- Samvinna / faglegt samstarf
- Leikur og sköpun
- Fjölbreytni
- Svigrúm barna til að velja nám og tólmstundir
- Snemmtæk íhlutun

Vinnustofa

Að lokinni kynningu kynnti Arnar Páll fyrirkomulag á hópavinnu fundarins og leiddi vinnuna þar sem mótaðar voru áherslur að menntastefnu og tillögur að nafni á menntastefnuna.

Vinna fór fram í hópum og unnið var rafrænt á nokkrum borðum í gegnum „Slido“ þar sem afrakstri vinnuhópa var safnað.

Vinna fundarins skilaði nokkrum þemum sem raðað var eftir því hvað þátttakendum fundarins kusu sem leiðarljós í menntastefnu Hafnarfjarðar. Þessi leiðarljós voru:

Kraftur
Gleði
Sköpun
Samvinna
Fjölbreytileiki



Hafnarfjörður

Einnig var yfirskrift menntastefnu rædd og bornar fram tillögur um heiti. Ein tillaga fjallaði um hvort og hvernig hægt væri að flétta „hjarta Hafnarfjarðar“ inn í heiti menntastefnu. Tillögur hópsins var safnað saman og verður unnið áfram með þær og heldur Arnar utan um þá vinnu.

Bergrún Íris Sævarsdóttir, listakona og rithöfundur hefur verið fengin til að stýra myndskreytingu menntastefnunnar.

Stefnt er að því að menntastefna verði komin vel á veg á komandi vori. Á næsta fundi með menntaleiðtogum verður unnið með markmiðasetningu menntastefnunnar. Miðað er við að næsti fundur menntaleiðtoga verði haldinn 15.mars.

Fundi lauk kl. 17.00